**109. löggjafarþing 1986–87.** **Nr. 9/109.**
**Þskj. 763 — 289. mál.**

# Þingsályktun

## um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1987–1991.

Alþingi ályktar að á árunum 1987–1991, að báðum meðtöldum, skuli, auk árlegra fjárveitinga til viðkomandi stofnana á fjárlögum, unnið að landgræðslu- og landverndarmálum samkvæmt eftirfarandi áætlun:

| | Fjárveit. þús. kr. | % af fjárv. |
|---|---|---|
| **1. Verkefni framkvæmd af Landgræðslu ríkisins:** | | |
| a. Stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar og sandfoks, gróðureftirlit, gróðurvernd og gróðuraukning | | |
| b. Landgræðsla í samvinnu við bæjar- og sveitarfélög ....... | 150.353 | 56,5 |
| **2. Verkefni framkvæmd af Skógrækt ríkisins:** | | |
| a. Verndun birkiskóga | | |
| b. Skógrækt á útivistarsvæðum | | |
| c. Skógræktaráætlanir og rannsóknir ...................... | 34.313 | 12,90 |
| **3. Verkefni framkvæmd af Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA):** | | |
| a. Frærannsóknir | | |
| b. Nýting beitilanda | | |
| c. Gróður- og jarðakort ................................ | 16.736 | 6,30 |
| **4. Samvinnuverkefni stofnana, sem aðild eiga að landgræðsluáætlun:** | | |
| a. Fræðslustarf, kynbætur melgresis, birkis og niturbindandi plantna | | |
| b. Rannsóknir á jarðvegseyðingu og ástandi gróðurs | | |
| c. Lúpínurannsóknir | | |
| d. Til ýmissa starfa í þágu gróðurverndar og landgræðslu ....... | 8.661 | 3,30 |
| **5. Varnir gegn landbroti af völdum vatna eða sjávar, í umsjá Landgræðslu ríkisins** ............................ | 55.937 | 21,00 |
| Samtals á 5 árum | 266.000 | |

Fjárhæðin er miðuð við verðlag í desember 1986.
Á framlög áranna 1988–1991 greiðist verðbætur er miðist við framlög ársins 1987.

*Samþykkt á Alþingi 5. mars 1987.*